

## Reglur um uppsetningu og rekstur ljósastaura í Eyja- og Miklaholtshreppi

1. gr.  
Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps geta eigendur íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu óskað eftir því að sveitarfélagið setji upp ljósastaura við húsnæði þeirra. Hámarksfjöldi ljósastrauga við íbúðarhús á lögbýli með fastri búsetu eru tveir staurar. Hámarksfjöldi við íbúðarhúsnæði með fastri búsetu sem ekki er lögbýli er einn staur.
2. gr.  
Sveitarfélagið greiðir fyrir ljósastaurana og kostar uppsetningu þeirra.
3. gr.  
Að uppsetningu lokinni eru ljósastaurarnir eign eiganda viðkomandi húsnæðis og ber eiganda að sjá um viðhald þeirra og rekstarkostnað.

Reglur þessar gilda frá 22. desember 2022